

201912044 - Umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020 - 2034, 435. mál

Bæjarráð Fljótshéraðs fagnar þeim áherslum er fram koma í fyrirbyggjandi tillögu að þingsályktun um fimm ára samgönguáætlun sem eru til þess fallnar að efla svæðið sem búsetu- og atvinnuþróunarvalkost. Má þar nefna ákvörðun um að hefjast handa við undirbúning framkvæmda við Fjarðarheiðargöng þegar á árinu 2020, fyrirhugaðar framkvæmdir við Jökuldalsveg á árinu 2020, framkvæmdir við vegabætur um Vatnsskarð á árinu 2020 og áherslu varðandi það að Egilsstaðaflugvöllur verði settur í forgang sem varaflugvöllur hér á landi.

Bæjarráð Fljótshéraðs fagnar því að gert sé ráð fyrir því að hefjast handa við framkvæmdir á Axarvegi á árinu 2021 en furðar sig á að ekki skuli gert ráð fyrir fjármunum á árinu 2020 til að ljúka hönnun og samningagerð við landeigendur. Slíkt er forsenda þess að raunhæft verði að hefjast handa við framkvæmdir á árinu 2021 og er því óskað eftir því að í endanlegri áætlun verði gert ráð fyrir nauðsynlegu fjármagni vegna þessara þátta á árinu 2020.

Eins og áður hefur komið fram þá lýsir bæjarráð Fljótshéraðs yfir vonbrigðum með að framkvæmdum við Borgarfjarðarveg (Eiðar - Laufás) seinki frá fyrri áætlun, enda brýnt að sá vegur verði að fullu lagður bundnu slitlagi sem fyrst, sem og að hugað verði að frekari vegaf framkvæmdum á Efra- Jökuldal m.a. vegna aukinnar umferðar ferðamanna að Stuðlagili.

Bæjarráð leggur einnig áherslu á það að bygging nýrrar Lagarfjótshéarbrúar verði ekki seinkað frá því sem fram kemur í fyrirbyggjandi drögum



Stefán Snædal Bragason

Bæjarritari

(354) 4700700

stefan@eilsstadir.is



FLJÓTSDALSHÉRAÐ